

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. janúar 1983. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á Akureyri hinn 28. nóvember 1982 til minningar um Jón Júlíus Þorsteinsson kennara frá Ólafsfirði, síðast starfandi við Barnaskóla Akureyrar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins (höfuðstóll) er kr. 5 000,00 lagt fram af stofnendum sjóðsins, þ. e. vinum, vandamönnum og öðrum, er hafa áhuga á tilgangi þessa sjóðs. — Höfuðstóllinn má ekki skerða. —

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðsstjórnar hverju sinni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst að gefa út kennslugögn fyrir hljóðlestrar-, tal- og söngkennslu. Annað getur þó komið til greina og skal það metið af sjóðsstjórn hverju sinni.

Fyrsta verkefni:

Kennslugögn Jóns Júlíusar Þorsteinssonar, kennara, þ. e. hljóðstöðumyndir, íslensk máhljóð og leiðbeiningar við hljóðlestrarkennslu ásamt viðbæti Árna Böðvarssonar, cand. mag., þ. e. hljóðasambönd og skýringar.

4. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Aðalfund skal halda í september ár hvert, í fyrsta skipti í september 1983.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: 5 í aðalstjórn og 3 til vara. Þeir skulu valdir úr hópi starfsfólks eftirtalinna skóla: Barnaskóla Akureyrar, Glerárskóla, Oddeyrarskóla, Lundarskóla, Tónlistarskóla Akureyrar og Barnaskóla Ólafsfjarðar, einn frá hverjum skóla. Ennfremur skulu 2 valdir úr hópi aðstandenda og vina Jóns Júlíusar Þorsteinssonar og/eða áhugafólks um málefni sjóðsins. — Endurskoðendur skulu vera 2 og 1 til vara. — Stjórnin kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Aðalfundur kýs endurskoðendur.

Sjái einhver af stjórnarmönnum sér eigi fært að starfa áfram, tilnefni hann mann í sinn stað. Samþykki stjórnar þarf fyrir slíkri breytingu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og umsjón hans.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða sérstakan framkvæmdastjóra og fela honum nánar tiltekin verkefni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lbs.

	SDR pr. lbs. cif.
Blokkfryst	2,49
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,61
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,90
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,04

Fleiri en 350 stk. í lbs. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,49
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,76
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,90

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. febrúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.